

Sjónlistamaður til Noregs!

Ferða- og dvalarstyrkur til Vesterålen í Noregi 2016

Austurbrú býður einum sjónlistamanni búsettum á Austurlandi til dvalar í Vesterålen í Noregi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2016.

Dvalartími er á bilinu 1. september til 1. desember 2016.

Dvölin er í Galleri Hildreland í Bø eða í Fjøset på Bleik í sveitarfélaginu Andøy.

Allur ferðakostnaður og dvalaraðstaða er greidd af Menningarráði Vesterålen (Vesterålen kulturutvalg) en listamaðurinn verður sjálfur að greiða fyrir fæði á dvalartímanum.

Umsækjandi nálgast sérstakt umsóknareyðublað á ensku hjá Austurbrú með því að senda tölvupóst á signy@ austurbru.is auk þess sem hægt er að leita frekari upplýsinga hjá Signýju Ormarsdóttur hjá Austurbrú með tölvupósti eða í síma 470 3811 eða 860 2983.

Mikilvægt er að fram komi í umsókn hvað viðkomandi ætli sér að vinna að í dvölinni og ferilskrá þarf að fylgja. Umsóknin skal vera á ensku eða á Norðurlandamáli. Umsókn sendist til Signýjar Ormarsdóttur hjá Austurbrú í netfangið signy@ austurbru.is.

Dvölin er hluti af samstarfssamningi í menningarmálum milli Austurbrúar, Vesterålen kulturutvalg í Noregi og Donegal County Council á Írlandi.



austurbru.is

